

Ársreikningur 2022



Akraneskaupstaður

Byggðasafnið í Görðum

Efnisyfirlit

	Bls.
Áritun endurskoðenda	3-4
Skýrsla og áritun stjórnar	5
Rekstrarreikningur	7
Efnahagsreikningur	8-9
Sjóðstreymi	10
Skýringar	11-15
Rekstur deilda	16

Áritun óháðs endurskoðanda

Áritun um endurskoðun ársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Byggðasafnsins í Görðum fyrir árið 2022. Ársreikningurinn greinist í rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu safnsins 31. desember 2022, afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2022, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð safninu í samræmi við siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum uppfyllt aðrar siðferðisskyldur okkar í samræmi við þær reglur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstrarhæfi safnsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema það sé ekki lengur til staðar.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka, ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðferðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé fram hjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðferðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits safnsins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.
- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um áframhaldandi rekstrarhæfi safnsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar, eða ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni haft neikvæð áhrif á rekstrarhæfi safnsins.

Bygðasafnið í Görðum

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins , frh.:

- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega anmarka á innra eftirliti.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar, sem fylgir ársreikningi þessum, eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Akranesi, maí 2023.

Endurskoðunarstofan Álit ehf.

Jón Þór Hallsson, löggiltur endurskoðandi

Skýrsla og áritun stjórnar

Hlutverk Byggðasafnsins í Görðum er að safna, skrásetja, varðveita, forverja og rannsaka minjar um menningar-sögu þjóðarinnar og kynna þær almenningi.

Ársreikningur safnsins er gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga, reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga.

Rekstrartekjur safnsins á árinu námu 66,7 millj. kr., en þar af námu rekstrarframlög eigenda um 60 millj. kr. Neikvæð rekstrarafkoma ársins nam 5,2 millj. kr. Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir safnsins í árslok 81,8 millj. kr. og heildarskuldir 8,6 millj. kr. Eigið fé í lok ársins nam 73,2 millj. kr.

Byggðasafnið í Görðum er sameignarfyrirtæki og greinast eignarhlutar þannig í árslok:

Akraneskaupstaður	90%
Hvalfjarðarsveit.....	10%

Samkvæmt bestu vitneskju er það álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af rekstrarafkomu safnsins á árinu 2022, eignum, skuldum og fjárhagsstöðu þess 31. desember 2022 og breytingu á handbæru fé á árinu 2022.

Stjórn Byggðasafnsins í Görðum hefur í dag rætt ársreikning safnsins fyrir árið 2022 og staðfestir hann með undirritun sinni. Stjórnin leggur til við sveitarstjórnir eignaraðila að samþykka ársreikninginn.

Akranesi, apríl 2023.

Í stjórn:

Forstöðumaður:

Rekstrarreikningur ársins 2022

Rekstrartekjur:	Skýr.	2022	2022 Áætlun	2021
Þjónustutekjur		2.216.496	1.638.165	1.696.751
Rekstrarframlög eigenda	11	60.017.500	70.017.500	69.999.996
Aðrir styrkir og framlög		4.448.433	43.076	4.931.954
	3	<u>66.682.429</u>	<u>71.698.741</u>	<u>76.628.701</u>
Rekstrargjöld:				
Laun og launatengd gjöld	4	39.322.500	38.415.556	35.930.998
Vöru- og efnisnotkun		2.701.159	2.473.820	2.440.116
Annar rekstrarkostnaður		<u>24.736.014</u>	<u>24.844.102</u>	<u>22.958.888</u>
	5	66.759.673	65.733.478	61.330.002
Afskriftir	8	5.243.004	5.228.442	5.243.003
	3	<u>72.002.677</u>	<u>70.961.920</u>	<u>66.573.005</u>
Rekstarafkoma fyrir fjármagnsliði		(5.320.248)	736.821	10.055.696
Fjármagnsliðir:				
Vaxtatekjur		3.280		3.534
Vaxtagjöld		<u>175.030</u>	(215.000)	(484.237)
	6	<u>178.310</u>	<u>(215.000)</u>	<u>(480.703)</u>
Rekstrarniðurstaða, (neikvæð) jákvæð	1-3,12	<u>(5.141.938)</u>	<u>521.821</u>	<u>9.574.993</u>

Efnahagsreikningur

Eignir:		Skýr.	31.12.2022	31.12.2021
Aðrar eignir:				
Fasteignir, safnamunir	7	17.841.000	17.841.000	
Aðrar eignir		<u>17.841.000</u>	<u>17.841.000</u>	
Fastafjármunir:				
Varanlegir rekstrarfjármunir:				
Húseignir		60.394.458	64.918.014	
Lóðaframkvæmdir		1.123.643	1.123.643	
Búnaður og innréttingar		1.910.527	2.629.975	
Fastafjármunir	3,8	<u>63.428.628</u>	<u>68.671.632</u>	
Veltufjármunir:				
Birgðir	3	<u>148.526</u>	<u>148.526</u>	
Skammtímakröfur:				
Óinnheimtar tekjur	3,11	<u>30.000</u>	<u>1.200.933</u>	
Handbært fé:				
Sjóður		7.500	7.500	
Bankainnstæður		301.804	259.246	
Greiðslutryggðar kröfur		<u>11.200</u>	<u>11.200</u>	
	3	<u>309.304</u>	<u>277.946</u>	
Veltufjármunir		<u>487.830</u>	<u>1.627.405</u>	
Eignir utan efnahagsreiknings:				
Lausafjármunir	9			
Eignir samtals	2	<u>81.757.458</u>	<u>88.140.037</u>	

31. desember 2022

Eigið fé og skuldir:

	Skýr.	31.12.2022	31.12.2021
Eigið fé:			
Eigið fé	10	<u>73.161.354</u>	<u>78.303.292</u>
Skammtímaskuldir:			
Viðskiptaskuld, Aðalsjóður	11	2.232.134	5.963.106
Viðskiptaskuld, Hvalfjarðarsveit	11	415.212	
Fyrirfram innleystar tekjur		2.000.000	2.300.000
Aðrar skammtímaskuldir		<u>3.948.758</u>	<u>1.573.639</u>
		<u>8.596.104</u>	<u>9.836.745</u>
Skuldir og skuldbindingar samtals		<u>8.596.104</u>	<u>9.836.745</u>
Eigið fé og skuldir samtals	2	<u>81.757.458</u>	<u>88.140.037</u>

Sjóðstreymi árið 2022

Skýr.	2022	2022 Áætlun	2021
Rekstrarhreyfingar:			
Rekstrarafkoma ársins, (neikvæð) jákvæð	(5.141.938)	521.000	9.574.993
Liðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Reiknaðar afskriftir	5.243.004	5.228.000	5.243.003
Veltufé frá rekstri	<u>101.066</u>	<u>5.749.000</u>	<u>14.817.996</u>
Breytingar á skammtímalíðum:			
Birgðir, lækkun			29.890
Skammtímakröfur, lækkun(hækkun)	1.170.933		(587.150)
Skammtímaskuldir, hækkun	2.490.331		745.507
Breyting á rekstartengdum eignum og skuldum	<u>3.661.264</u>	<u>0</u>	<u>188.247</u>
Handbært fé frá rekstri	<u>3.762.330</u>	<u>5.749.000</u>	<u>15.006.243</u>
Fjármögnunarahreyfingar:			
Aðalsjóður Akraneskaupstaðar, breyting	<u>(3.730.972)</u>	<u>0</u>	<u>(16.592.286)</u>
Hækkun (Lækkun) á handbæru fé	31.358	5.749.000	(1.586.043)
Handbært fé í ársbyrjun	277.946	6.338.000	1.863.989
Handbært fé í árslok	<u>309.304</u>	<u>12.087.000</u>	<u>277.946</u>

Skýringar

Starfsemin:

1. Byggðasafnið í Görðum er sameignarfyrtæki Akraneskaupstaðar og Hvalfjarðarsveitar. Hlutverk safnsins er að safna, skrásetja, varðveita, forverja og rannsaka minjar um menningarsögu þjóðarinnar og kynna þær almenningi. Akraneskaupstaður annast rekstur safnsins.

Grundvöllur reikningsskilanna:

2. Ársreikningurinn er gerður samkvæmt kostnaðarverðsreglu og í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga nr. 3/2006, reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga nr. 1212/2015. Ársreikningurinn byggir í meginatriðum á sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Mikilvægar reikningsskilaaðferðir:

3. Reikningsskilaaðferðum sem settar eru fram hér á eftir hefur verið beitt með samræmdum hætti á þeim tímabilum sem birt eru í ársreikningnum, nema annað sé tekið fram.

Innlausn tekna

- a. Tekjur af veittri þjónustu eru færðar í rekstrarreikning í samræmi við þá þjónustu sem veitt hefur verið til uppgjörsdags. Styrkir og framlög eru færð samkvæmt fjárhagsáætlunum sveitarfélaganna sem standa að rekstri safnsins og samkvæmt fjárlögum ríkisins.

Áfallnar vaxtatekjur eru færðar til tekna í samræmi við höfuðstól og skilmála vaxtaberandi krafna.

Færsla gjalda

- b. Útgjöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.

Verðlags- og gengisviðmið

- c. Eignir og skuldir, sem bundnar eru verðlagsvísitölu eða gengi erlendra gjaldmiðla eru færðar í ársreikninginn miðað við verðlag eða gengi í árslok. Verðlagsbreytingar og gengismunur sem myndast eru færð í rekstrarreikning.

Varanlegir rekstrarfjármunir

- d. Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til niðurlags-verði er náð. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Safnahús	50 ár
Safnaskáli	25 ár
Aðrir liðir	7-16 ár

Birgðir

- e. Vörubirgðir eru metnar til eignar á kostnaðarverði.

Skammtímakröfur

- f. Óinnheimtar tekjur eru færðar á nafnverði.

Handbært fé

- g. Sjóður, bankainnstæður og greiðslutryggðar viðskiptakröfur innan 90 daga teljast til handbærs fjár.

Skýringar, frh.:

Eignir utan efnahagsreiknings

- h. Fjárfesting í lausafjármunum sem keyptir voru fyrir ársbyrjun 2002 er ekki færð til eignar í efnahagsreikningi.

Fjárhagsáætlun og sundurliðanir ársreiknings

- i. Fjárhagsáætlun safnsins fyrir árið 2022 er hluti ársreikningsins og er birt í rekstrarreikningi, sjóðstreymisyfirliti og skýringum. Um er að ræða fjárhagsáætlun með viðaukum sem bæjarstjórn hefur samþykkt. Gerð er grein fyrir upphaflega samþykktu fjárhagsáætlun, samþykktum viðaukum og fjárhagsáætlun með viðaukum í skýringu nr. 12.

Sundurliðanir ársreikningsins í samanburði við fjárhagsáætlun og niðurstöður fyrra árs eru birtar í fylgiriti með ársreikningnum.

Byggðasafnið í Görðum

Skýringar, frh.:

Launagjöld:

4. Á árinu voru 3 stöðugildi hjá Byggðasafninu, launagjöld greinast þannig:

	2022	Áætlun 2022	2021
Föst laun	26.462.781	26.546.994	24.166.287
Yfirvinna	6.656.867	6.048.164	6.021.072
Launatengd gjöld	6.202.852	5.820.398	5.743.639
	<u>39.322.500</u>	<u>38.415.556</u>	<u>35.930.998</u>

Rekstrargjöld:

5. Tegundir rekstrargjalda safnsins eru birtar í deildaryfirliti hér að aftan.

Fjármagnsliðir:

6. Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) greinast þannig:

Fjármunatekjur

Vaxtatekjur	3.280	0	3.534
-------------------	-------	---	-------

Fjármagnsgjöld

Vaxtagjöld	4.784	1.117.000	354
Vaxtagjöld (tekjur) eigin fyrirtækja	(179.814)	(902.000)	483.106
Fjármagnstekjuskattur			777
	<u>(175.030)</u>	<u>215.000</u>	<u>484.237</u>

Fjármagnsliðir samtals 178.310 (215.000) (480.703)

Aðrar eignir:

7. Samkvæmt reikningsskilaaðferð sveitarfélaga fyrir ársbyrjun 2002 voru fasteignir sem eru safnamunir eignfærðar á fasteignamat í árslok 2001. Um er að ræða sex fasteignir sem varðveittar eru á lóð safnsins.

Varanlegir rekstrarfjármunir:

8. Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Húseignir	Lóða- framkvæmdir	Búnaður og innréttingar	Samtals
Heildarverð í ársbyrjun	209.079.819	11.236.438	11.910.787	232.227.044
Afskrifað í ársbyrjun	(144.161.805)	(10.112.795)	(9.280.812)	(163.555.412)
Bókfært verð í ársbyrjun	64.918.014	1.123.643	2.629.975	68.671.632
Afskrifað á árinu	(4.523.556)		(719.448)	(5.243.004)
Bókfært verð í árslok	60.394.458	1.123.643	1.910.527	63.428.628
Heildarverð samtals	209.079.819	11.236.438	11.910.787	232.227.044
Afskrifað samtals	(148.685.361)	(10.112.795)	(10.000.260)	(168.798.416)
Bókfært verð í árslok	60.394.458	1.123.643	1.910.527	63.428.628
Afskriftarhlutföll	2-8%	8%	15%	
Vátryggingarmat	502.624.000			
Fasteignamat	173.300.000			

Byggðasafnið í Görðum

Skýringar, frh.:

Eignir utan efnahagsreiknings:

9. Samkvæmt reikningsskilaaðferð sveitarfélaga síðastliðin ár hafa tiltekna eignir safnsins verið gjaldfærðar og eru því ekki færðar sem eign í efnahagsreikningi. Hér er einkum um að ræða lausafjármuni, safnamuni og búnað í eigu safnsins sem keypt var fyrir ársbyrjun 2002 og gjaldfært í ársreikningi þegar kaupin áttu sér stað. Vátryggingarmat þessara eigna í árslok greinist þannig:

Fasteignir, safnamunir	237.200.000
Kúttur Sigurfari	10.650.000
Aðrir lausafjármunir	230.000.000
	<u>477.850.000</u>

Eigið fé:

10. Yfirlit um eiginfjárreikninga greinist þannig:

	31.12.2022	31.12.2021
Eigið fé í ársbyrjun	78.303.292	68.728.299
Rekstrarniðurstaða ársins, (neikvæð) jákvæð	(5.141.938)	9.574.993
	<u>73.161.354</u>	<u>78.303.292</u>

Viðskipti við tengda aðila:

11. Eigendur safnsins greiddu á árinu 60,3 millj. kr. í rekstrarframlög til þess. Viðskipti við eignaraðila safnsins og staða viðskiptareikninga í árslok greinast þannig:

	Tekjur	Gjöld	Vaxta- gjöld	Viðskipta kröfur (skuld)
Akraneskaupstaður 90% eigandi	54.000.000	6.428.543	(179.814)	(2.232.134)
Hvalfjarðarsveit 10% eigandi	6.017.500			(415.212)
	<u>60.017.500</u>	<u>6.428.543</u>	<u>(179.814)</u>	<u>(2.647.346)</u>

Skýringar, frh.:

12. Samanburður rekstraráætlana:

Í neðangreindu yfirliti er gerð grein fyrir rekstraráætlun fyrir árið 2022 samkvæmt upphaflega samþykktri fjárhagsáætlun byggðasafnsins, samþykktum viðaukum og fjárhagsáætlun með viðaukum. Fjárhagsáætlun með viðaukum er birt í rekstrarreikningi og öðrum skýringum ársreikningsins til samanburðar við rauntölur ársins.

	Upphafleg fjárhags- áætlun	Viðaukar fjárhags- áætlun	Fjárhags- áætlun með viðaukum
Rekstrarhreyfingar:			
Rekstrarniðurstaða, neikvæð	952.000	(431.000)	521.000
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	5.228.000		5.228.000
Veltufé frá rekstri	<u>6.180.000</u>	<u>(431.000)</u>	<u>5.749.000</u>
Hækkun á handbæru fé	6.180.000	(431.000)	5.749.000
Handbært fé í ársbyrjun	6.338.000	0	6.338.000
Handbært fé í árslok	<u>12.518.000</u>	<u>(431.000)</u>	<u>12.087.000</u>

Byggðasafnið í Görðum

Rekstur deilda árið 2022

	Yfirstjórn og sam. kostn.	Aðalsafnahús	Markaðs- starf	Safnaskáli og önnur söfn	Endurbyggð hús	Sigurfari	Samtals	Áætlun þús. króna
Rekstrartekjur:								
Þjónusta og aðgangseyrir	2.081.496				135.000		2.216.496	1.638.165
Rekstrarframlög eigenda	60.017.500						60.017.500	70.017.500
Aðrir styrkir og framlög	2.148.433		2.300.000				4.448.433	43.076
	<u>64.247.429</u>	<u>0</u>	<u>2.300.000</u>	<u>0</u>	<u>135.000</u>	<u>0</u>	<u>66.682.429</u>	<u>71.698.741</u>
Rekstrargjöld:								
Launagjöld	38.724.884	26.104	571.512				39.322.500	38.415.556
Vörukaup og viðhaldsvörur	480.216	394.839	1.480.455	134.721	210.928		2.701.159	2.473.820
Prentun, fjarskipti og auglýsingar	306.823		385.185				692.008	1.578.217
Starfsmanna- og leigubifreiðar	126.513		3.808				130.321	29.519
Ferða- og móttökukostn., námskeið	878.082	119.275	126.100				1.123.457	316.210
Sérfræðiþjónusta	421.950		850.700				1.272.650	506.066
Ýmis aðkeypt þjónusta	2.318.890	659.657	3.180.100	464.537	743.816		7.367.000	5.479.621
Innri afnot og þjónusta	6.428.543						6.428.543	5.120.000
Leigugreiðslur	87.950	2.114		137.254			227.318	244.975
Orkukaup	212	753.586		867.751	524.061		2.145.610	2.435.000
Mannvirkjagerð og viðhald	1.284.853	379.013	273.022	174.154	22.285		2.133.327	6.148.233
Vátryggingar og opinber gjöld	975.439			716.536	661.924	4.941	2.358.840	2.208.927
Annar starfsmannakostnaður	75.235	129.059	21.185	21.781			247.260	167.971
Styrkir og framlög	609.680						609.680	609.363
	<u>51.743.831</u>	<u>3.439.086</u>	<u>6.892.067</u>	<u>2.516.734</u>	<u>2.163.014</u>	<u>4.941</u>	<u>66.759.673</u>	<u>65.733.478</u>
		0						
Rekstrarafkoma, jákvæð (neikvæð) fyrir fjármagnsliði	12.503.598	(3.439.086)	(4.592.067)	(2.516.734)	(2.028.014)	(4.941)	(77.244)	5.965.263
Afskriftir	0	0	0	5.243.004	0	0	5.243.004	5.228.442
Rekstrarafkoma fyrir fjármagnsliði	12.503.598	(3.439.086)	(4.592.067)	(7.759.738)	(2.028.014)	(4.941)	(5.320.248)	736.821
Fjármagnsliðir:								
Vaxtatekjur	3.280						3.280	0
Vaxtagjöld og fjármagnstekjuskattur	(4.784)						(4.784)	(1.117.000)
Vaxtatekjur aðalsjóður	179.814						179.814	902.000
	<u>178.310</u>	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>178.310</u>	<u>(215.000)</u>
Rekstrarafkoma ársins, jákvæð (neikvæð).....	12.681.908	(3.439.086)	(4.592.067)	(7.759.738)	(2.028.014)	(4.941)	(5.141.938)	521.821